



**[ELDVARNA]
bandalagið**

Samstarf Akureyrarbæjar og Eldvarnabandalagsins um auknar eldvarnir

- sameiginleg greinargerð og árangursmat

Samkomulag Akureyrarbæjar og Eldvarnabandalagsins um samstarf um auknar eldvarnir var undirritað í ráðhúsinu á Akureyri 26. apríl 2016 að viðstöddum fjölda fulltrúa af beggja hálfu. Samkomulagið er viðauki við greinargerð þessa. Verkefnið var kynnt forstöðumönnum stofnana 10. maí 2016. Undirbúningur hófst svo í október þegar fulltrúi Eldvarnabandalagsins og Slökkviliðs Akureyrar héldu sameiginlega námskeið fyrir um 60 aðal- og varaeldvarnafulltrúa.

Slökkvilið Akureyrar tók síðan við keflinu og hélt kynningarfundir fyrir starfsfólk í október, nóvember og desember 2016. Það er mat forvarna- og öryggisnefndar Akureyrarbæjar að fræðsluefni Eldvarnabandalagsins hafi reynst vel í undirbúningi verkefnisins, bæði prentað efni og glærur. Efnið hafi verið einfalt og skýrt.

Mannabreytingar hjá slökkviliðinu gerðu það að verkum að ekki hefur náðst að veita öllu starfsfólki fræðslu um eldvarnir en unnið er að því að bæta þar úr. Eigið eldvarnaeftirlit hófst í október 2016. Eldvarnafulltrúar sveitarfélagsins eru 49 talsins.

Það er álit forvarna- og öryggisnefndar að fræðslan hafi skilað betri eldvörnum á heimilum starfsmanna og á vinnustöðum Akureyrarbæjar.

Spurningakönnun meðal eldvarnafulltrúa

Á haustdögum 2017 voru lagðar 11 spurningar um verkefnið fyrir eldvarnafulltrúa Akureyrarbæjar. Svör bárust frá ríflega 30 fulltrúum og stýðja niðurstöðurnar við það álit að námskeið og fræðslufundur hafi heppnast vel og skilað árangri.

Helstu niðurstöður eru sem hér segir:

- Um 90% svarenda telja að námskeið fyrir eldvarnafulltrúa hafi verið nægur undirbúningur fyrir starf eldvarnafulltrúa.
- 50% segjast hafa framkvæmt eigið eftirlit mánaðarlega á tímabilinu en aðrir sjaldnar.
- 80% segja að farið hafi fram árleg úttekt á eldvörnum vinnustaðarins.
- Nær 90% segja að fyrirhöfn sem fylgir því að vera eldvarnafulltrúi sé hvorki né, frekar lítil eða mjög lítil. Engum fannst fyrirhöfnin mjög mikil.
- Um 65% telja að frekar eða mjög vel hafi gengið að lagfæra atriði sem athugasemdir voru gerðar við og 94% telja að störf þeirra sem eldvarnafulltrúar hafi leitt til betri eldvarna á vinnustaðnum.
- Um 60% telja að meðvitund um mikilvægi eldvarna á vinnustaðnum hafi aukist vegna verkefnisins.

- Nær 90% telja að Akureyrarbær eigi að halda áfram eigin eldvarnaeftirliti að loknu samstarfi við Eldvarnabandalagið.
- Nær 94% telja að fræðslan um eldvarnir heimilisins hafi haft jákvæð áhrif á eldvarnir heima hjá þeim.

Athyglisvert er að mikill meirihluti eldvarnafulltrúanna sem svöruðu kallar eftir því að komið verði á sameiginlegum vettvangi fyrir eldvarnafulltrúa, svo sem með sérstakri Facebook-síðu og/eða árlegum fundi með slökkviliðsstjóra og forvarna- og öryggisnefnd. Nefndin hyggst bregðast við þessu ákalli.

Niðurstöður könnunarinnar fylgja greinargerð þessari sem viðauki.

Niðurstaða

Sameiginleg niðurstaða samstarfsaðilanna er sú að verkefnið hafi í öllum meginatriðum gengið vel þótt hnökror hafi verið á framkvæmd mánaðarlegs eftirlits og að ekki hafi enn tekist að veita öllum starfsmönnum fræðslu. Úr því þarf að bæta eftir föngum.

Það er mat forvarna- og öryggisnefndar Akureyrarbæjar að fræðsla til starfsmanna og framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits hafi skilað auknum eldvörnum á heimilum og vinnustöðum og verkefnið hafi því þjónað tilgangi sínum.

Niðurstöður spurningakönnunar meðal eldvarnafulltrúa benda eindregið til þess að verkefnið hafi þegar skilað árangri í bættum eldvörnum á heimilum og vinnustöðum og kemur þar fram ríkur vilji til að halda eigin eldvarnaeftirliti í stofnunum Akureyrarbæjar áfram.

Það er sameiginleg niðurstaða undirritaðra að undirbúningur verkefnisins hafi gengið vel og að samstarf og samskipti samstarfsaðilanna hafi verið með miklum ágætum.

Janúar 2018

Dagný Magnea Harðardóttir, forstöðumaður upplýsinga- og þjónustudeildar Akureyrarbæjar
Garðar H. Guðjónsson, verkefnastjóri Eldvarnabandalagsins

Viðaukar:

- Samkomulag um samstarf um auknar eldvarnir
- Niðurstöður spurningakönnunar meðal eldvarnafulltrúa á Akureyri